

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

I. Aðalbraut:

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Barónsstíg, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Skúlagötu, Hverfisgötu, Laugaveg og Laufásveg.

II. Bifreiðastöður bannaðar á eftirtöldum götum:

1. Álfheimum vestan megin götunnar.
2. Hamrahlíð sunnan megin götunnar milli Háuhlíðar og Eskitorgs.
3. Hellusundi sunnan megin götunnar.

III. Hægri beygja bönnuð úr Lækjargötu frá norðri inn í Skólalabru.

IV. Stöðvunarskylda ákveðin á Skipholti beggja vegna Nóatúns.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. október 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að göturnar Kársnesbraut og Kópavogsbraut skuli njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Umferð um Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarveg) nýtur áfram aðalbrautarréttar gagnvart ofangreindum götum eins og verið hefur.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 8. nóvember 1965.

Sigurgeir Jónsson.